

23

9. marz

RÍKISSTJÓRABRÉF

um frestun á fundum Alþingis.

RÍKISSTJÓRI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Að ég, að tilskildu samþykki Alþingis, veiti forsætisráðherra umboð til þess að fresta fundum Alþingis frá 11. marz þ. á. þar til síðar á árinu, þó eigi lengur en til 10. júní n. k.

Gjört í Reykjavík, 9. marz 1944.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Björn Þórðarson.

24

19. apríl

AUGLÝSING

um staðfesting ríkisstjóra Íslands á breytingu á reglugerð fyrir Háskóla Íslands, nr. 47 frá 30. júní 1942.

Samkvæmt tillögu ráðuneytisins hefur ríkisstjóri Íslands staðfest eftirfarandi breytingu á reglugerð Háskóla Íslands.

Aftan við 3. málsgrein 56. greinar reglugerðarinnar komi ný málsgrein svo hljóðandi:

Undanþágu má veita frá því að prenta ritgerð, áður en doktorsvottorð er veitt, ef svo sérstakar ástæður eru til, að bæði háskólaráð og hlutaðeigandi háskóla-deild samþykkja einróma að taka þær gildar, enda fari þá ekki munnleg vörn fram, heldur semji dómnefnd sú, sem um ritgerðina fjallar, rökstudda greinargerð um efni hennar og vísindalegt gildi, og sé sú greinargerð birt í næstu árbók háskólans.

Þetta tilkynnist öllum sem hlut eiga að máli.

Í kennslumálaráðuneytinu, 19. apríl 1944.

Einar Arnórsson.

Gústav A. Jónasson.

25

26. apríl

BRÁÐABIRGÐALÖG

um breyting á lögum nr. 6 9. janúar 1935, um tekjuskatt og eignarskatt.

RÍKISSTJÓRI ÍSLANDS

gjörir kunnugt:

Fjármálaráðherra hefur tjáð mér, að enn í ár sé nauðsynlegt að breyta tíma-ákvörðunum og frestum þeim, sem um ræðir í 14. kafla laga nr. 6 9. janúar 1935, um tekjuskatt og eignarskatt. Eigi þetta einkum við í kaupstöðum, þar sem skatta-